

## Frambjóðendur til setu í bankaráði Landsbanka Íslands hf. á aðalfundi Landsbanka Íslands hf., föstudaginn 9. febrúar næstkomandi.

**Björgólfur Guðmundsson** (66 ára) er formaður bankaráðs Landsbanka Íslands hf. Björgólfur útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands og starfaði sem framkvæmdarstjóri í ýmsum iðnfyrirtækjum og var um árabil forstjóri Hafskips. Hann hefur síðan setið í stjórnnum fjölda atvinnufyrirtækja, stofnana og félagasamtaka á innlendum og erlendum vettvangi. Hann á sæti í stjórnnum Hansa ehf., Samson eignarhaldsfélags ehf., Samson Global Holdings Ltd. og Eignarhaldsfélagsins Portus ehf.

Björgólfur hefur verið formaður bankaráðs Landsbankans síðan 2003. Björgólfur er stór hluthafi í Samson eignarhaldsfélagi ehf. sem er ráðandi eignaraðili Landsbankans.

Eign Björgólfs Guðmundssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 4.559.265.030 hlutum

**Kjartan Gunnarsson** (55 ára) er varaformaður bankaráðs Landsbanka Íslands hf. og situr auk þess í stjórn Heritable Bank Ltd, dótturfélags Landsbankans. Kjartan lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1978 og námi við Varnarmálaháskóla norska varnarmálaráðuneytisins árið 1980. Kjartan var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins frá 1980–2006. Kjartan var stjórnarformaður Líftryggingafélags Íslands 1997–2003 og Vátryggingafélags Íslands 1997–2002.

Kjartan hefur setið í bankaráði Landsbankans frá 1992. Kjartan hefur engin hagsmunatengsl við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í Landsbankanum.

Eign Kjartans Gunnarssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 91.752.772 hlutum.

**Þorgeir Baldursson** (64 ára) forstjóri Kvosar hf. Hann útskrifaðist með MGK gráðu frá Den Grafiske Højskole í Danmörku 1965. Þorgeir hefur setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá 1999 og í stjórnnum allmargra íslenskra fyrirtækja frá árinu 1982. Hann situr í stjórnnum Prentsmiðjunar Odda hf., Gutenberg og Kassagerðarinnar. Hann hefur verið stjórnarformaður SP – Fjármögnunar, dótturfélags Landsbankans, frá stofnun fyrirtækisins árið 1995.

Þorgeir hefur setið í bankaráði Landsbankans frá 2003. Hann hefur engin hagsmunatengsl við hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í Landsbankanum.

Eign Þorgeirs Baldurssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 1.490.054 hlutum.

**Þór Kristjánsson** (42 ára) er ráðgjafi hjá Samson eignarhaldsfélagi ehf. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1989. Frá 1989 – 2001 starfaði hann við fjármálastjórnun í hinum ýmsu verkefnum innan lands sem utan. Þór hóf störf sem ráðgjafi stjórnar Actavis árið 2001 og tók síðar við starfi sem aðstoðarforstjóri til ársins 2004. Þór er stjórnarmaður í Samson Properties ehf., Hlutafélaginu Eimskipafélag Íslands og West Ham United Plc.

Þór hefur setið sem aðalmaður í bankaráði Landsbankans frá 2006 en var varamaður árin 2003–2005.

Eign Þórs Kristjánssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 30.428.949 hlutum.

**Svafa Grönfeldt** (41 ára) er rektor Háskólans í Reykjavík. Hún lauk doktorsprófi í vinnumarkaðsfræðum frá London School of Economics og meistaraþrófi í stjórnun og boðskiptafræði frá FIT. Svafa starfaði áður sem aðstoðarforstjóri Actavis Group og var einn af stofnendum og eigendum Gallup á Íslandi. Svafa á ekki sæti í stjórn bankaráðs Landsbankans og er ekki hluthafi í bankanum.

**Andri Sveinsson** (35 ára) er fjármálastjóri Novator Partners LLP. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996.

Andri hefur starfað við fjárfestingar og banka frá 1996, fyrst hjá Skandía á Íslandi sem verðbréfamiðlari, síðar hjá Búnaðarbanka Íslands hf. sem forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og sem forstjóri Amber

International Ltd. Andri er stjórnarmaður í lyfjafyrirtækinu Actavis og Novator Partners LLP., sem er í eigu Björgólfs T. Björgólfssonar, eins aðaleiganda Samson eignarhaldsfélags ehf., sem er ráðandi eignaraðili í Landsbanka Íslands hf.

Andri hefur verið setið í bankaráði Landsbankans frá 2003 og er nú varamaður í bankaráði.

Eign Andra Sveinssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 557 hlutum. Andri hefur boðið sig fram sem 1. varamaður fyrir Björgólf Guðmundsson og Þór Kristjánsson.

**Helga Theodórsdóttir** (52 ára) er starfsmaður Samson eignarhaldsfélags ehf., sem er ráðandi eignaraðili í Landsbanka Íslands hf. Helga er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún starfaði áður sem fjármálastjóri hjá Ofnasmiðjunni.

Helga á ekki sæti í stjórn bankaráðs Landsbankans og er ekki hluthafi í bankanum. Helga hefur boðið sig fram sem 2. varamaður fyrir Björgólf Guðmundsson og Þór Kristjánsson.

**Gunnar J. Felixson** (66 ára) er fyrrverandi framkvæmdarstjóri Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. Hann lauk prófi frá Verzlunarskóla Íslands. Gunnar situr í stjórnnum Lex Life & Pension, Luxembourg, Íslenskri endurtrygginginu hf., Vinnslustöðvarinnar hf., Viðlagatryggingu Íslands Reykjavík og Lífeyrissjóðsins Skjaldar Reykjavík.

Gunnar hefur setið sem varamaður í bankaráði Landsbankans frá 2005

Eign Gunnar J. Felixsonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 79.440 hlutum. Gunnar hefur boðið sig fram sem 1. varamaður fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson.

**Helga Jónsdóttir** (49 ára) er starfsmaður hjá Landsbanka Íslands hf. og formaður Félags starfsmanna Landsbankans. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1977, tveggja ára framhaldsnámi við Bankamannaskólann 1982. Hún er varaformaður Sambands íslenskra bankamanna og situr í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna.

Helga hefur setið sem varamaður í bankaráði Landsbankans frá 2005

Eign Helgu Jónsdóttur og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 153.891 hlutum. Helga hefur boðið sig fram sem 2. varamaður fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson.

**Þorsteinn Sveinsson** (82 ára) er skógarbóndi og fyrrverandi kaupfélagsstjóri Kaupfélags Héraðsbúa. Hann lauk prófi frá Samvinnuskólanum. Þorsteinn situr í stjórn Selhrauns ehf., Austfars ehf. og Spanarhóls ehf. Þorsteinn hefur setið sem varamaður í bankaráði Landsbankans frá 2003.

Eign Þorsteins Sveinssonar og fjárhagslega tengdra aðila í Landsbankanum nemur 76.449 hlutum. Þorsteinn hefur boðið sig fram sem 3. varamaður fyrir Kjartan Gunnarsson, Svöfu Grönfeldt og Þorgeir Baldursson.